



REGLUR UM NOTKUN MATARMIÐA HJÁ AKRANESKAUPSTAÐ

Starfsfólki Akraneskaupstaðar er heimilt að kaupa mat til eigin neyslu í hádegishléi á vinnudegi eða á vinnutíma gegn framvísun matarmiða útgefnum af Akraneskaupstað. Verðgildi matarmiðans getur verið allt að kr. 1.500. Einungis bæjarstjórn Akraness getur breytt verðgildi matarmiðans.

Matarmiðarnir eru eingöngu fyrir starfsmanninn sjálfan og er óheimilt að framvísa þeim til annarra.

Starfsmanni er eingöngu heimilt að framvísa matarmiða á vinnutíma og þá til kaupa á mat fyrir einstaka máltíð.

Skrifa skal greinilega á matarmiðann umbeðnar upplýsingar þ.e. nafn þess sem tekur út, hjá hvaða stofnun Akraneskaupstaðar hann vinnur, dagsetningu úttektar ásamt kennitölu viðkomandi aftan á miðann. Strimill úr sjóðsvél skal fylgja matarmiðanum, þegar hann er sendur Akraneskaupstað, þar sem skýrt kemur fram hvað er tekið út.

Sé upphæð úttektar hærrí en verðgildi matarmiðans, greiðir starfsmaðurinn mismuninn.

Akraneskaupstaður greiðir einungis þá fjárhæð, sem nemur verði þess matar sem tekinn er út hverju sinni gegn framvísun matarmiða. Það þýðir að skýrt þarf að koma fram á reikningi hvað tekið er út hverju sinni og hvað það kostar.

Reikningar frá söluaðilum, sem fullnægja ekki ofangreindum skilyrðum, verða endursendir ógreiddir.

Mánaðarlegir reikningar skulu stílast á Akraneskaupstað kt. 410169-4449. Greiðslufrestur er áskilinn a.m.k. 20 dagar eftir úttektarmánuð.

Reglur þessar tóku gildi 1. janúar 2011 og voru endurskoðaðar 6. mars 2018.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri

